

Dalabyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík 18. janúar 2018
UST201711-244/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016 - 7 breytingar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að sjö breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2018.

Breytingarnar sem fram koma í ofangreindri lýsingu eru: Nýtt efnistökusvæði , áform um vindorkugarð, iðnaðarsvæði fyrir gagnaver, nýtt íbúðarsvæði í Búðardal, nýtt frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal, nýtt íbúðarsvæði í Búðardal, stækkan verslunar og þjónustusvæðis í Búðardal og stækkan byggðalínu.

Nýtt efnistökusvæði

Áætlað er nýtt efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal úr áreyrum Húsár og er áætluð efnistaka allt að 20.000 m³. Umhverfisstofnun bendir á að efnistakan er tilkynningaskyld til sveitarfélagsins, þar sem hún kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir einnig á að ef um fiskgenga á er að ræða þá þarf leyfi frá Hafrannsóknastofnun (áður Fiskistofa).

Vindorka

Storm orka ehf. áformar að reisa vindorkugarð með 30 – 40 myllum 3 – 5 MW hver, í landi Hróðnýjarstaða. Áætlað er að skilgreina fyrrum landbúnaðarsvæði sem iðnaðarsvæði á allt að 600 ha. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í lýsingu hve háar vindmyllur eru áætlaðar á staðinn, en á heimasíðu Landsvirkjunar eru vindmyllur með aflgetur 3 – 3,5 MW sýndar 149 m háar. Umhverfisstofnun bendir á að vindorkugarðar þar sem nýta á raforkuframleiðslu með 2 MW uppsett rafael eða meira eru í flokki framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og

skal tilkynna slíka framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Að mati Umhverfisstofnunar þarf sérstaklega að huga að sjónrænum áhrifum, ferðum fugla og hávaðamengun.

Iðnaðarsvæði fyrir gagnaver

Iðnaðarsvæði fyrir gagnaver er áætlað austur af Búðardal. Stærð svæðisins kemur ekki fram. Í lýsingu kemur fram á korti að svæði fyrir gagnaver er áætlað á röskuðu svæði. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlun iðnaðarsvæði, en bendir á mikilvægi þess að huga vel að sjónrænum áhrifum þar sem iðnaðarsvæðið er í nágrenni þéttbýlis í Búðardal.

Íbúðasvæði við Búðardal

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlað íbúðarhverfi, en bendir á mikilvægi þess að nýtt hverfi falli vel að byggð sem fyrir er.

Stækkun verslunar og þjónustusvæðis í Búðardal

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlaða stækkun verslunar- og þjónustusvæðis, en bendir á mikilvægi þess að svæðið falli vel að byggð.

Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal


Í lýsingu kemur fram að áætlað er að staðsetja frístundabyggð á 6 ha svæði í landi Hlíðar í Hörðudal. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að fella framkvæmdir að umhverfi og byggð sem fyrir er.


Stækkun byggðarlínu

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að styrkja núverandi byggðalínu og hækka spennu, fremur en að byggja nýja línu.

Beðist er velvirðingar á því hversu langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur